



Borgarráð

### ***Grandagarði 2 - sölufæri - staða***

Í október 2018 samþykkti borgarráð að heimila skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að ganga til viðræðna við Alliance þróunarfélag um sölu á fasteigninni Grandagarði 2 og tengdum byggingarrétti á grundvelli innsendrar tillögu í sölusamkeppni sem borgin hélt síðastliðið sumar.

Skrifstofan hefur hitt forsvarsmenn Alliance þróunarfélags á fundum og mótað ramma um áreiðanleikakönnun vegna sölunnar sem eru nú í gangi.

Áreiðanleikakönnun felst í að kanna forsendur í deiliskipulagi reitsins samhliða viðræðum við fjármögnunaraðila.

Kannaðir verða möguleikar á því að breyta þaki núverandi byggingar á Grandagarði 2 til þess að mæta nýrri notkun auk þess að skoða þarf hugmyndir um tengibyggingu milli Alliance hússins og nýbyggingar. Alliance þróunarfélag hefur átt í viðræðum við bæði starfsmenn skipulagsfulltrúa og Minjastofnunar þar sem farið er yfir hugmyndir þeirra og fýsileika þeirra.

Samhliða þessari vinnu er Alliance þróunarfélag í viðræðum við fjármögnunaraðila til þess að tryggja fjármögnun á verkefninu.

Reykjavíkurborg og Alliance þróunarfélag hafa sammælt um að gefa sér tíma til loka marsmánaðar að ljúka samningum.

Náist samningar verður kaupsamningur lagður fyrir borgarráð í apríl.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig